

40. fundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 20. janúar 2010 kl. 20:00 í Lundarskóla.

Mættir

Ingvar Póroddsson
Hermann Karlsson
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir
Ingibjörg Gunnarsdóttir
Ólafur Jónsson

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar og bauð Ingvar stjórnarmenn velkomna. Skipulag innan stjórnar óbreytt, þ.e. Ingvar formaður og Hermann ritari.

Farið var yfir þau atriði sem helst voru rædd á aðalfundi í september sl., þ.e. nágannavarsla og umferðarmálefni.

- Lítið hefur heyrst af framvindu þess máls og virðist sem bæjarbúar telji sig vera í nokkuð öruggu umhverfi.
- Umferðarmálefni,

Skólayfirvöld í Lundarskóla hafa sent Akureyrarbæ erindi þess efnis að krafist sé úrbóta strax gagnvart umferð um Þingvallastræti. Í erindinu kemur fram að ítrekað hafi börn og gangbrautarverðir lent að stórhættu þar sem öikumenn gæti ekki nægjanlega að sér. Var þetta talsvert rætt og leggur Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis til að strax verði skoðaðir þeir möguleikar að setja þrengingar við þau tvö gangbrautarljós sem eru á Þingvallastrætinu norðan Lundarskólasvæðisins.

Rætt var um þá hættu sem skólabörn eru í á gatnamótum Borgarbrautar og Dalsbrautar. Þar teljum við að þörf sé á að bæta og afmarka enn betur þá gönguleið sem gengin er norðan Borgarbrautarinnar þ.e. að gömlu brúnni yfir Glerá. Leggjum við til að bætt sú úr lýsingu á þessu svæði og að skoðaðir verði þeir möguleikar sem fyrir hendi eru til að tryggja enn frekar öryggi þeirra sem ganga þarna um og að gangbrautin sem fyrir er nýtist sem best.

Ákveðið að senda Akureyrarbæ erindi um þessi málefni.

- Rætt var um hina árlegu Hverfishátíð. Dræm þátttaka hefur verið undanfarið og er tilfinning okkar sú lítill áhugi sé fyrir hátíðinni. Fórum við yfir hvaða möguleikar væru í stöðunni og verður málið frekar rætt á næsta fundi.

Fundi lokið kl. 21:00

Fundargerð ritaði,

Hermann Karlsson